

Minnisblað

Móttakandi: Fræðslu- og tómstundanefnd
Varðandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Dags.: 11. mars 2017
Málefni: Minnisblað um gerð gæðaviðmiða í frístundastarfi

Stofnaður hefur verið starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að vinna að gerð viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum. Starfshópurinn starfar samkvæmt 33gr.a. laga um grunnskóla sem Alþingi samþykkti 2. júní 2016. Í lagagreininni segir: *Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.*

Starfshópurinn mun leitast við að verða í góðu samráði við fagfólk sem sinnir frístundastarfi, sveitarfélög, foreldra og aðra hagsmunaaðila. Því er nú við upphaf vinnunnar verið að afla upplýsinga og kanna viðhorf og væntingar til gerðar leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla. Meðfylgjandi könnun er send til forstöðumanna skólaskrifstofa, grunnskólastjóra utan Reykjavíkur, Samtaka sjálfstæðra skóla, Heimilis og skóla, Umboðsmanns barna, Skólalærafélag Íslands, félagsmanna í Félagi íþrótt-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa og Menntavísindasviðs HÍ.

Slóð á frétt á vef ráðuneytisins.

<https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/gerd-vidmida-um-gaedi-fristundastarfs-a-fristundaheimilum-fyrir-born-a-grunnskolaaldri>

Staðan:

Starfhópurinn hefur fyrst og fremst unnið að upplýsingaöflun í febrúar og mars.

- Fræðslustjórar og skólustjórar hafa tekið þátt í rafrænni könnun.
- Starfshópurinn hefur fundað með fræðslustjórum í öllum landshlutum. Undirrituð tók þátt fundi með Austurlandi í síma og var sá fundur haldinn 27. Febrúar n.k.

Framundan er úrvinnsla gagna og skipulagning vinnu við gerð gæðaviðmiða fyrir frístundastarf barna í yngri árgöngum grunnskóla.

Ragnhildur Jónsdóttir
Fræðslustjóri